



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reglugerð

um (1.) breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi nr. 467/2015

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Heimilt er að veita umsækjanda um sérfræðileyfi skv. 10. gr. takmarkaða undanþágu á einstaklingsgrundvelli frá hluta sérnáms sem skráð er í lið 5.1.3. V. viðauka tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, samanber tilskipun 2013/55/ESB, enda hafi hann þegar lokið við þann hluta sérnámsins í öðru sérnámi í læknisfræði og þegar öðlast sérfræðileyfi á grundvelli þess sérnáms. Undanþágan má ekki taka til meira en helmings af lágmarkstíma í viðkomandi sérnámi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.:

Við lið XIX. **Viðbótarsérgreinar:** bætist nýr töluliður sem verður 4. tölul. svohljóðandi:

Líknarlækningar: Til að læknir geti hlotið sérfræðileyfi í líknarlækningum sem viðbótarsérgrein skal hann hafa hlotið sérfræðileyfi í aðalsérgrein skv. 2. mgr. Þetta á þó ekki við hafi læknir einungis hlotið sérfræðileyfi í atvinnu- og umhverfislækningum, sérgreinum innan lækningarannsókna, erfðalækningum, lýðheilsufræði, myndgreiningu, réttarlæknisfræði og klínískri taugalífeðlisfræði.

Til að öðlast viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára viðurkenndu viðbótarsérnámi í líknarlækningum.

Við lið XIX. **Viðbótarsérgreinar:** bætist nýr töluliður sem verður 5. tölul. svohljóðandi:


Sérhæfðar verkjalækningar: Til að læknir geti hlotið sérfræðileyfi í sérhæfðum verkjalækningum sem viðbótarsérgrein skal hann hafa hlotið sérfræðileyfi í aðalsérgrein skv. 2. mgr. Þetta á þó ekki við hafi læknir einungis hlotið sérfræðileyfi í atvinnu- og umhverfislækningum, sérgreinum innan lækningarannsókna, erfðalækningum, lýðheilsufræði, myndgreiningu, réttarlæknisfræði og klínískri taugalífeðlisfræði.

Til að öðlast viðurkenningu skal viðkomandi hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára viðurkenndu viðbótarsérnámi í sérhæfðum verkjalækningum.

3. gr.

Reglugerð sem sett er með stoð í 5., 8., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytið, 6. janúar 2017


Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.


Margrét Björnsdóttir